

Fréttapistill frá forseta Íslands

24. ágúst 2020

Í dag eru grunnskólar settir um allt land. Ég óska öllum nemendum landsins góðs gengis í náminu, ekki síst þeim sem nú eru að hefja skólagöngu. Blessunarlega setja varnir gegn veirunni skæðu ekki sama svip á skólastarf og raunin var í vor sem leið. Þá stóðum við Íslendingar saman í baráttu við þennan vágést. Við vorum þrautseig og þolgóð, flest eða öll staðráðin í að sýna hvað í okkur býr, vera hluti lausnarinnar frekar en vandans.

Þennan anda finn ég enn, svo að ég tali fyrir mína parta. Þó virðist gæta ögn meiri óþreyju núna í samfélaginu, óeiningar og þirrings. Það þarf ekki að koma á óvart. Glímunni við þennan veirufjanda má líkja við langhlaup og á þannig skeiði gerir þreyta vart við sig. Þar að auki þurfum við ávallt að spyrja spurninga og vekja athygli á því sem betur má fara – þótt fólk vilji sem betur fer enn fara eftir leiðbeiningum, tilmælum og ráðleggingum sóttvarnaryfirvalda.

Von um sigur í þessari baráttu byggist á því að hver og einn leggi sitt af mörkum eftir bestu getu. Og hvað sem öllu þessu líður er brýnt að ástandið bitni sem minnst á börnum þessa lands. Það er manni ofarlega í huga á þessum degi þegar líf og fjör leikur á ný um skóla og skólalóðir.

Vart þarf að taka fram að veiruvarnir hafa enn áhrif á mín störf í dagsins önn. Fundum og viðburðum þarf sem fyrr að fresta eða fella þá jafnvel niður. Áfram er þó unnt að sinna ýmsum öðrum störfum og skyldum. Og ekki hafa mannamót fallið með öllu niður. Í nýliðinni viku auðnaðist mér að taka á móti hópi nema við framhaldsskóla á eyggi Öckerö í nágrenni Gautaborgar í Svíþjóð. Ungmennin héldu hingað til lands á seglskipi og skipar hafið mikinn sess í námi þeirra. Venjan mun vera sú að nemendur fari í mikla reisu um Karíbahaf og komi við í Bandaríkjunum og víðar en aðstæður leyfðu það ekki í ár. Þess í stað lá leiðin til Íslands og var sóttvarna gætt í þaula, sóttkví höfð í heiðri og farið að öllum reglum.

Aðra gesti að utan bar einnig að garði, fulltrúa William Dement fjárfestingasjóðsins í Danmörku. Þeir voru hér á landi til skrafs og ráðagerða með stjórnendum heilbrigðistækifyrirtækisins Össurar. Samstarf fyrirtækisins og sjóðsins hefur verið farsælt. Á fundi okkar ræddum við um framfarir í stoðtækjagerð og leiðir til að tryggja að þeir, sem þurfa á þannig aðstoð að halda, fái notið hennar. Á meðfylgjandi mynd er fulltrúi sjóðsins að lýsa samvinnunni við Össur.

Að öllu jöfnu hefði verið ys og þys í höfuðborginni á laugardaginn var, Reykjavíkumaraþon og menningarnótt. Að þessu sinni gat fólk ekki gert sér glaðan dag eða þreytt hlaupið eins og gefur að skilja. Um árabil hefur maraþonhlaupið verið drjúg tekjulind fyrir góðgerðasamtök og félög landsins því að hægt hefur verið að heita á hlaupara og láta þannig fé af hendi rakna. Sú er enn raunin í ár þótt enginn hafi sprett úr spori í Lækjargötunni. Ég hvet alla sem á því hafa tök að fara á heimasíðuna www.hlaupastyrkur.is og finna þar félag að styrkja. Í fyrradag unnum við Eliza að því að vekja athygli á þessum kosti með því að hlaupa um stund með

skemmtikraftinum Steinda og tóku svo aðrir við keflinu þegar við hjónin höfðum lokið fyrsta kílómetranum. Steindi sýndi enga miskunn og var ætíð á undan okkur.

Að öllu jöfnu hefði líka verið gestagangur hér á Bessastöðum um helgina. Venja er að hér sé opið hús á menningarnótt en sá viðburður verður líka að bíða betri tíma. Á hinn bóginn er gaman að sjá að dag hvern njóta fjölmargir náttúrunnar á Álftanesi, hjólandi, hlaupandi og gangandi. Við búum að því á höfuðborgarsvæðinu að ýmis skemmtileg og fjölbreytt útivistarsvæði eru í seilingarfjarlægð. Í gær fórum við fjölskyldan í stutta ferð um Nesjavelli og Grafning og leyfi ég mér að láta mynd þaðan fylgja þessum vikupistli.

Ég óska lesendum velfarnaðar og ítreka góðar óskir til nemenda við upphaf skólagöngu